

Jafnréttishús í Hafnarfirði tekur þátt í menntaáætlun evrópusambandsins.

MILLA – tungumálakennsla fyrir innflytjendur á vinnustöðum „Migrant Language Learning at workplace“, er evrópskt samstarfsverkefni og er hluti af menntaáætlun Evrópusambandsins „Grundtvig Lifelong Learning Program“, þátttökulönd fyrir utan Ísland eru Búlgaría, Tyrkland, Spánn og Ítalía. Verkefnið byrjað í ágúst 2011 og mun standa til september 2013. Fulltrúi Íslands er Jafnréttishús í Hafnarfirði, framkvæmdastýra er Amal Tamimi sem er sjálf innflytjandi frá Palestínu.

Þarfir innflytjenda eru séstakar, auk þess að þurfa að læra undirstöðu atriði málsins, þurfa þeir líka að skilja það samfélag sem þeir lifa í, menninguna og helstu kerfi sem stýra samfélaginu. Jafnréttishús í Hafnarfirði leggur mikla áherslu á það að auka félagslega færni nemenda á fyrstu stigum kennslunnar. Kynna fyrir nemendum íslenska menningu og auka menningarfærni til dæmis með því að stuðla að því að nemendur taki þátt í hinum ýmsum athöfnum sem eru mikilvægir þættir í lífi Íslendinga, gera þá að Íslendingum. Fara í sund, bókasafnið, pósthúsið, kynnst umhverfinu. Einnig að hafa ánægju af félagslegum samskiptum við aðra innflytjendur og Íslendinga, þróa saman, elda saman og svo framvegis.

Áhersla er á það að horfa á hópa sem eru í sérstakri hættu á því að einangrast félagslega og auka möguleika þessa hópa til að verða fullir þátttakendur í samfélaginu ásamt því að bæta stjórnun fullorðinsfræðslu. Víkka sjóndeildarhringinn með því að stuðla að aukinni vitund um menningarlega fjölbreytni og mismunandi tungumál innan Evrópu og þörfina á því að koma í veg fyrir hverskyns mismunun. Einnig að mæta sérstökum þörfum kennara sem fást við óformlega kennslu einsog þessa og leitast við að tengja þessa kennslu við hina formlegu kennslu skólakerfisins.

Meginmarkmiðið er að stuðla að nýbreytni í kennslu fullorðinna nemenda, í þessu tilviki tungumálakennslu á vinnustöðum og miðla hugmyndum og reynslu á milli þátttökulandanna. Einnig að bæta stjórnun stofnana eða fyrirtækja sem annast fullorðinsfræðslu og kennslufræðilegar nálganir einsog til dæmis með því að sýna nemendum sérstaka virðingu vegna aldurs. Einnig að auka samvinnu milli stofnana sem hafa með fullorðinsfræðslu að gera, með því að auka gæði samskipta og auðvelda samskipti milli landa með því að gera fleirum kleift að taka þátt.

F.h. Jafnréttishúss

Guðbjörg Eggertsdóttir

Verkefnastjóri

GSM 845 7616